

Skipulags- og umhverfissvið Seltjarnarness  
Arnar H. Halldórsson  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 30. ágúst 2021  
UST202108-172/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi - Ráðagerði - Seltjarnarnes**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar er barst 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ráðagerði, Seltjarnarnesi.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að landnotkun lóðarinnar er breytt úr íbúðarlóð í verslunar- og þjónustusvæði en þar verður heimilaður rekstur veitingahúss í flokki II.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um breytingu á aðalskipulagi vegna sömu fyrirhugaðrar breytingar í apríl sl. Í þeirri greinargerð var fjallað um umhverfismat framkvæmdarinnar en í deiliskipulagstillögunni er ekki minnst á umhverfismat. Stofnunin bendir á að skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skal við gerð deiliskipulags meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og þá umhverfisþætti sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

### **Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes eru á náttúruminjasrá og skammt frá eru tvö friðlýst svæði; Gróttta og Bakkatjörn. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá.

Umhverfisstofnun bendir á að ríkulegt fuglalíf er á svæðinu, m.a. eru, skv. rannsóknnum sem gerðar hafa verið, um 450 krúpör í Gróttu en krían er ábyrgðartegund og alfríðuð. Stofnunin telur mikilvægt að tryggt verði að framkvæmdin verði utan varptíma. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að umferð gesta á svæðinu sé stýrt svo að tillagan hafi ekki áhrif á kríuvarp en í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við varplönd fugla.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur